

42 niður á sýslufjelögin jafnaðarsjóðsgjaldi, að upphæð 3883 kr., fyrir árið 1894, 17. apríl. þótt upphæð þessi væri meira en fjórðungi hærri en gjaldið hefir verið að meðaltali næst undan farin 3 ár.

43 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 18. apríl. flutning á þingstað (ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að þingstaðurinn í Þingeyrarhreppi verði fluttur frá Meðaldal að Þingeyri, og sjái hreppsnefndin fyrir hæfilegu húsi til þinghaldanna.

44 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 18. apríl. hlunnindi handa sparisiði (ágrip). — Með brjefi þessu voru sparisiðnum á Ísafirði endurveitt hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874, um næstkomandi 10 ára tímabil, frá 11. júní þ. á., með venjulegum skilyrðum.

45 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi til húsabygginga 18. apríl. handa prestakalli (ágrip). — Með brjefi þessu var með venjulegum skilyrðum veitt leyfi til þess að veðbinda tekjur Hvammsprestakalls í Dalaprófastsdæmi fyrir 3000 kr. láni til 28 ára, til þess að byggja á prestssetrinu nýtt timburhús, 14½ al. á lengd og 9½ al. á breidd, er komi í stað bæjarhúsa, er nú fylgja staðnum.

46 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli 18. apríl. til húsabóta á prestssetri (ágrip). — Með brjefi þessu var leyft að veðbinda tekjur Setbergsprestakalls í Snæfellsnessprófastsdæmi fyrir 800 kr. láni til 24 ára til nauðsynlegra bóta á hinu núverandi húsi á prestssetrinu.

47 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, um gjöld til fulltrúa stjórn- 18. apríl. arinnar á aukapinginu 1894. — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland, hefur hans hátign konunginum 12. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á aukapinginu 1894 sje ákveðin 1000 krónur.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild stjórnartíðindanna.

48 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um strandferðir samkvæmt ferðaáætlun 18. apríl. alþingis. — Vegna þess að hinar fyrirhuguðu strandferðir kringum Ísland, sem veittar eru til 25000kr. á ári í 12. gr. b. a. 2. í fjárlögunum fyrir 1894 og 1895, hafa ekki getað komizt á, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stórnartíðindanna, hvað gjört hefur verið til þess að koma nefndu fyrirtæki í kring.

Eptir að herra landshöfðinginn með þóknanlegum brjefum, dags. 7. og 48
12. sept. f. á. hafði tilkynnt ráðaneytinu fjárveiting alþingis og skilyrði þau, 18. apríl.
er fyrir henni voru sett, barst skriflegt erindi, dags. 30. okt., frá Jónasi Randulff skipstjóra, er þá var staddur í Stavangri, en ætlaði þá bráðlega til Íslands, og spurðist hann fyrir um, hvort maður í Stavanger, er hann nafngreindi, gæti fyrir hans hönd í fjarvist hans gjört nauðsynlega samninga við ráðaneytið. Þessu svaraði ráðaneytið 3. nóvember á þá leið, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að það leitaði samkomulags og ef til kæmi gjörði samning við hvern þann mann, er hr. Randulff gæfi nægilega fullmakt til þess; voru honum ýtarlega tjáð skilyrði þau, er alþing hafði sett fyrir fjárveitingunni, og hann beðinn að láta ráðaneytinu sem allra fyrst í tje nauðsynlegar upplýsingar um, hvernig hann vildi fullnægja þeim, þannig að endanlegur samningur um strandferðirnar gæti orðið gjörður í síðasta lagi um miðjan desembermánuð. Ef þá ekki væri kominn á endanlegur samningur, áskildi ráðaneytið sjer að leitast eptir, hvort aðrir vildu ekki takast ferðirnar á hendur, samkvæmt því sem fjárlögin taka fram.

Upp á þetta brjef fekk ráðaneytið ekki svar fyrr en 19. desember. Brjef Randulfs var dags. 12. s. m., og tjáði hann, að hann þá fyrst eptir heimkomu sínu frá Íslandi hefði fengið brjef ráðaneytisins; spurðist hann fyrir um, hvort honum mundi leyfast að nota skip sitt »Ernst« til ferðanna, að minnsta kosti 2 fyrstu árin. Ráðaneytið beiddist þá þegar með hraðskeyti upplýsingar um, hvar skip þetta þá væri niðurkomið, en fékk ekki svar frá Randulff fyrr en 28. desember, að skipið lægi í Stavanger. Sama dag sendi ráðaneytið T. F. Kindler, eptirlitsmann vjela og skipa hjer í borginni, er ráðinn var til þess að framkvæma skoðunargjörð á nefndu skipi. Úrslit þessarar skoðunargjörðar urðu þau, að herra Kindler í brjefi því, er hjer með fylgir, ræður eindregið frá því að taka tjeð skip gilt, einkanlega vegna þess, að það sje allt of veikbyggt og hafi allt of lítinn vjelarkrapt til hinna fyrirhuguðu ferða, og hafði ráðaneytið samkvæmt skýrslum frá skipaábyrgðarfjelagi nokkru hjer á staðnum haft ástæðu til að búast við þessum dómi. Hinn 12. jan. var því J. Randulff sent hraðskeyti um, að skipið »Ernst« gæti ekki tekizt gilt, og daginn eptir var honum ritað brjef um þetta, jafnframt og svarað var nokkrum spurningum, er hann í brjefi dags. 2. jan., mótteknu 5. s. m., hafði komið með viðvíkjandi því, hvernig skilja ætti ákvæðin um tryggingu fyrir því, að ferðaáætlunin væri haldin. Eptir að fleiri hraðskeyti höfðu á milli farið spurðist Randulff því næst hinn 22. jan. fyrir um það, hvort annað gufu-trjeskip, sem hann nánar lýsti, að nafni »Dronning Sophie«, mundi verða tekið gilt, og eptir að ráðaneytið hafði fengið bráðabirgðaupplýsingar hjá fyrr umgetnu ábyrgðarfjelagi, er voru þannig, að ekki áleizt ómögulegt, að það kynni að geta orðið notað til hinna fyrirhuguðu ferða, ef svo reyndist við skoðunargjörð á því, að það fullnægði ýmsum tilteknum skilyrðum, spurði ráðaneytið Randulff með hraðskeyti hinn 24. s. m., hvort hann gæti fengið umráð yfir tjeðu skipi, hvort hann gæti sett ryggingu fyrir því, að ferðaáætlunin yrði haldin, og hvort skipið hefði það

48 farþegarúm, sem áskilið er í fjárveitingunni, því að ella vildi ráðaneytið ekki
 18. apríl kosta upp á nýja skoðunargjörð. En í brjefi dagsettu 29. janúar, móttæknu 5. febrúar, tilkynnti Randulff, að hann væri orðinn úrkulavonar um að fá skipið, og bað hann til vonar og vara um að fá nákvæmlega að vita um upphæð og eðli þeirrar tryggingar, er ráðaneytið mundi heimta, ef til kæmi, og endurtók hann þessa beiðni í hraðskeyti 30. janúar. Þessar upplýsingar voru honum gefnar í brjefi, dags. 8. febr., er fylgir í eptirriti.¹ Eptir að þetta brjef var sent, hefur hr. Randulff ekkert látið á sjer bæra.

Eptir að frestur sá til miðs desember, sem Randulff upprunalega var settur í brjefi ráðaneytisins 3. nóv. f. á., var liðinn, ljet ráðaneytið birta auglýsingar í dönskum, enskum, norskum og sænskum blöðum, þar sem skorað var á þá, er kynnu að vilja takast strandferðirnar á hendur, að senda tilboð. Útaf þessum auglýsingum komu fyrirspurnir frá 2 enskum fjelögum um hið áskilda fyrirkomulag á ferðunum, og svaraði ráðaneytið þeim 5. janúar, en

1) Brjef ráðaneytisins til kapt. J. Randulff, 8. febr. 1894.

Bæði með hraðskeyti og með brjefi dags. 29. f. m. hafði þjer spurt ráðaneytið fyrir Ísland um upphæð og eðli tryggingar þeirrar, er þjer, ef til kæmi, mundi þurfa að setja fyrir því, að strandferðunum kringum strendur Íslands verði haldið áfram árin 1894 og 1895 til enda. Eptir eðli spurningar þessarar hafði ráðaneytið hugsað sjer, að best væri að leita samkomulags um þetta munnlega við yður eða einhvern, er þjer gæfuð umboð til þess, um leið og samningurinn væri gjörður, þegar þjer hefðuð boðið til ferðanna skip, sem álitid væri notandi til þeirra, en samkvæmt ósk yðar skulu yður þó hjer með til vitundar gefin aðalatriði þess, er af yður mun verða heimtað.

Það mun verða heimtað, að þjer annaðhvort með geymslufje í Noregs banka eða annari bankastofnun í Noregi eða Danmörku, sem ráðaneytið treystir, eða með sjálfskuldarábyrgð slíkrar stofnunar setjið 10,000 króna tryggingu fyrir því, að strandferðunum verði haldið áfram bæði hin nefndu ár, þannig að af þessari upphæð falli til landssjóðs Íslands $\frac{1}{20}$ eða 500 krónur fyrir hverja einstaka af þeim 10 ferðum frá og til Reykjavíkur, sem ákveðnar eru hvort árið í ferðaáætluninni, er ekki væri farin sökum þess að ferðunum væri hætt. Laskist skipið, mun þó ekki verða krafzt skaðabóta fyrir þá eða þær ferðir, sem skamkvæmt ferðaáætluninni átti að fara tvo fyrstu mánuðina eptir að skipinu hlekkist á, heldur að eins fyrir þær ferðir, sem þá eru eptir, ef ferðunum er ekki haldið áfram eptir að nefndur tveggja mánaða frestur er liðinn.

Til vara, mun ráðaneytið einnig geta gengið að því, að bankastofnun slík, sem að framan um ræðir, ábyrgist með sjálfskuldarábyrgð greiðslu hvernar þeirrar upphæðar, er þjer af íslenskum eða dönskum dómstólum mættuð verða skyldaður til að greiða landssjóði Íslands fyrir samningsrof.

Að öðru leyti getur ráðaneytið naumast hugsað sjer, að mögulegt sje að gjöra endanlegan samning án þess að leita munnlega samkomulags við yður eða einhvern mann, er hefði umboð til þess af yðar hendi, sízt nú, þegar orðið er svo áliðið tímans, að það gjörir mjög erfitt fyrir að koma fyrirtækinu í kring. Ef munnlega væri samkomulags leitað, er einnig mögulegt, að hægt væri að samþykka tilslakanir eða breytingar á skilyrðum þeim, er að ofan eru sett, ef þjer kæmuð með önnur tilboð og uppástungur.

Viðvíkjandi upphæð þeirri, sem veitt er af landssjóði Íslands til strandferðanna, athugast ennfremur, að tiltölulegur hluti af henni mun verða greiddur jafnóðum og hverri ferð er lokið, en fyrir þær ferðir, sem falla kunna burt þvert ofan í samning, verður að sjálfsögðu ekkert borgað.

hvorugt fjelagið hefur síðan gjört nokkurt tilboð um, að inna hið fyrirhugaða 48
ferðalag af hendi. 18. apríl.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 49
sveitfesti purfalings. — Eftir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar herra amt- 9. maí.
maður, dags. 7. og 9. þ. m. og þar með fylgjandi nýjar upplýsingar viðvíkj-
andi sveitfesti stúlkunnar Ingibjargar Sigurðardóttur á Syðstu-Grund í Reykja-
vík, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að það nú er sann-
að, að tjeð Ingibjörg Sigurðardóttir hefur á árunum 18^{85/86}, 18^{86/87} og 18^{87/88}
þegið styrk úr sveitarsjóði Mosfellshrepps, verð jeg að vera yður samdóma um,
að hún síðan árið 1878, er hún fluttist til Reykjavíkur, ekki hafi getað unnið
sjer þar framfærzlurjett, heldur sje sveitlæg í Mosfellshreppi.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um 50
endurgreiðslu á tolli. — Út af þóknanlegu brjefti yðar, herra sýslumaður, dags. 9. maí.
17. marz þ. á., viðvíkjandi beiðni verzlunarstjóra Thor Jensens í Borgarnesi,
um endurgreiðslu á tolli, er hann hefur greitt af 349 pottum brennivíns, er eiga
að hafa lekið niður á skipinu »Thor«, er kom til Borgarness 25. maí 1891,
skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-
ingar fyrir hlutaðeiganda, að með því að umrædd tollgreiðsla af hans hendi er
innkomin í landsreikninginn fyrir 1891, og því staðfest af löggjafarvaldi lands-
ins með lögum um samþykkt landsreikninganna 1890 og 1891, 16. sept. 1893,
I. 10, þá hefi jeg ekki heimild til þess að leyfa endurborgun tollupphæðarinn-
ar, heldur verður hann að sækja um það til fjárveitingavaldsins, enda hefur
ekki verið fylgt fyrirskipuðu formi til þess að sanna, að lekiinn í raun og veru
hafi átt sjer stað á leiðinni hingað til lands.

Brjef landshöfðingja til biskups um flutning kirkju (ágrip). — Með brjefti 51
þessu var samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 leyft að flytja kirkjuna í Flat- 9. maí.
ey á Skjálfanda að þjóðjörðinni Brettingsstöðum á Flateyjardal.

Reikningur

52

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardalshrepps
1992—1893.

Tekjur.

kr. a. kr. a.

1. Eign í fardögum 1892:

a. Í fasteignum 2310 00

b. Ógoldnar leigur og landskuld af $\frac{1}{2}$ Gloppu 18^{82/83} 19 75 2329 75